

Kynning á tilraunaverkefni

Hans Heiðar Tryggvason, arkitekt og verkefnastjóri hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, mun kynna tímabundinn hjólreiðastíg á Hverfisgötu í klúbbhúsi Íslenska fjallahjólaklúbbsins að Brekkustíg 2 í kvöld klukkan níu. Hjólreiðastígurinn opnar á föstudag.

Umhverfis- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að setja upp tímabundinn hjólreiðastíg á Hverfisgötu. Markmiðið með uppsetningu hjólreiðastígsins er að efla mannlíf í miðborginni og hvetja til hjólreiða. Haft er eftir Hans Heiðari á heimasíðu Reykjavíkurborgar að tilraunin eigi að vekja athygli á Hverfisgötu, möguleikum hennar og sérstöðu og gera hjólreiðar að fullgildum samgöngumáta á þessari leið.

Tilraunin felst í því að 35 bílastæði við götuna verða



HJÓLAÐ SAMAN Markmiðið með tilrauninni er að efla mannlíf í miðborginni og hvetja til hjólreiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

helguð hjólreiðum og hefur verkefnið verið kynnt fyrir íbúum og þjónustuaðilum.

Verkefnið stendur frá föstudeginum 20. ágúst og út septembermánuð.

- mmf